
GARÐUR Á REYKJANESI: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



BIRNA LÁRUSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2017
FS662-17241



Ljósmynd á forsiðu er tekin skammt sunnan við deiliskipulagssvæði og sýnir Skagagarð 036 og upphlaðinn veg á eldra vegarstæði 094. Horft í norðaustur.

©2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit


1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. SAGA SVÆÐIS OG FORNLEIFASKRÁ	11
5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	31
HEIMILDASKRÁ.....	33
KORT.....	35

Samantekt

Haustið 2017 var gerð fornleifaskráning á 17 ha deiliskipulagsreit fyrir Sveitarfélagið Garð, en þar er fyrirhugað að auka við og þétta íbúðabyggð. Reiturinn er í landi Útskála, skammt utan við það svæði þar sem hjáleigur kirkjustaðarins stóðu í túnjaðrinum. Minjar á svæðinu höfðu áður verið skráðar þegar aðalskráning var gerð í sveitarfélaginu árið 2008. Að þessu sinni var gerð svokölluð deiliskráning þar sem gengið er um allt úttektarsvæðið kerfisbundið í leit að áður óþekktum minjum en auk þess voru þær minjar sem áður höfðu verið skráðar mældar upp. Áður voru loftmyndir skoðaðar, bæði nýjar myndir og til samanburðar loftmynd frá 1974. Alls reyndust vera 25 fornleifar á reitnum, þar af höfðu 11 verið skráðar áður. Flestar minjanna eru hleðslur, m.a. af kálgörðum en einnig er þar að finna minjar sem gætu tengst veru hersins, tvö býli frá 19.-20. öld og svonefndan Skagagarð. Tillit hefur verið tekið til flestra áður þekktra minja við skipulagsgerð en aðgæta þarf nokkra minjastaði sem bættust við að þessu sinni.

1. Inngangur

Haustið 2017 hafði Sveitarfélagið Garður samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu innan deiliskipulagsreit í Garði á Suðurnesjum. Úttektarsvæðið er í landi Útskála, að mestu sunnan Skagabrautar milli Útgarðsvegar í vestri og íþróttasvæðis í austri og er um 17 ha stórt. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er megingilgangur með nýju deiliskipulagi að þetta íbúðarbyggð og auka líttillega við hana.




Minjar í landi Útskála voru skráðar í tengslum við aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu árið 2008.¹ Minjastofnun Íslands úrskurðaði nú að aftur þyrfti að fara á svæðið og skrá minjar eftir þeim kröfum sem nú eru gerðar til skráningar á deiliskipulagsreitum.² Í þeim felst m.a. að gengið sé kerfisbundið um deiliskipulagsreit, bætt við fyrirbyggjandi skráningu og allar sjáanlegar minjar mældar upp.

¹ Birna Lárusdóttir (ritstj.) 2008.

² Sjá umsögn Minjastofnunar dags. 5. september 2017.

Minjastofnun Íslands lánaði GPS-staðsetningartæki í verkið og fær bestu þakkir fyrir það. Um vettvangsrannsókn sá Birna Lárusdóttir og sá hún einnig um úrvinnslu, korta- og skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er svo fjallað um sögu svæðisins og þær fornleifar sem skráðar voru innan þess en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess. Sumar ljósmyndir í skýrslunni eru úr skráningarleiðöngnum 2008 en ártals er getið sérstaklega við hverja mynd.



Deiliskipulagstillaga frá Kanon arkitektum. Svæðið sem um ræðir er litað grænt. Rauðu deplarnir sýna minjar úr fornleifaskráningu 2008.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar

og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari tilheyra jörðinni Vogum (nánar tiltekið Vogum II samkvæmt landamerkjum RALA). Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-207:053). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka rannsóknarsvæðis „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé líklega misbráð eftir því hvar þær eru innan reitsins og hvernig endanlegt fyrirkomulag mannvirkja verður. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175-009	Sveinshlaða	Tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323

Sveinshlaða 009, horft til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfir norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá


Ljósmynd af minjastað og uppnefning/teikning

Þetta sem steðjar að fornleif

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

4. Saga svæðis og fornleifaskrá

Deiliskipulagssvæðið er sunnan Skagabrautar, skammt sunnan við Útskálatún, en í suðurjaðri túnsins stóðu margar hjáleigur. Af túnakortum frá 1919 að dæma var túnrækt sunnan núverandi Skagabrautar afar takmörkuð. Engin merki sjást um að þar hafi verið útihús en allt svæðið ber þess merki að búseta í kring hafi verið þétt, sérstaklega á 19.-20. öld, enda sjást þar víða hleðslur af ýmsu tagi, girðingaundirstöður, niðurgreftir, húsgrunnar og fleiri ummerki eftir einhvers konar rask. Sumt af því kann að stafa af veru hersins á staðnum en skammt sunnan við vesturhluta svæðisins eru greinilegar leifar af grunni bragga og kunna minjar þar í námunda að tengjast honum (sjá minjar 084, 087, 088).



Túnakort 1919. Guðlaugsstaðir 045, innan rauða hrings, eru innan deiliskipulagsreits.

Útskálahjáleigurnar sjást á túnakortum ásamt kálgörðum og öðrum mannvirkjum sem þeim fylgdu en túnakortin eru bestu tiltæku heimildir sem völ er á um byggð og staðsetningu mannvirkja á svæðinu fyrir tíma stórvirkra vinnuvéla og mikillar útþenslu byggðarinnar. Voru sumar þeirra komnar snemma í byggð og er getið þegar í Jarðabók Árna og Páls í upphafi 18. aldar. Meðal þeirra helstu sem voru í suðurjaðri Útskálatúns og því nálægt

deiliskipulagssvæðinu voru Móhús, Nýibær, Móakot, Presthús og Garðhús. Á túnakorti frá 1919 eru nokkur mannvirki sýnd sunnan hjáleigugersins og að hluta inni á deiliskipulagssvæðinu sem hér um ræðir. Þar ber helst að telja Guðlaugsstaði (045) vestast, býli sem hafði þá túnskika og kálgarða umhverfis en byggðist að líkindum ekki fyrr en síðla á 19. öld. Norðvestan við Guðlaugsstaði var hús sem nefndist Akurgerði (047) en að líkindum hefur það ekki byggst fyrr en eftir 1920. Á kortinu frá 1919 er þetta svæði merkt sem „Móar, gott efni í tún“.



Túnakort 1919. Útskálautgræðsla, kálgarður og Krókvallartún að hluta, innan rauða hringis, er innan deiliskipulagsreits.

Næst austan Guðlaugsstaða er á kortunum sýnd „Útskálautgræðsla“ (sjá 097) og virðist afgirt túnrækt. Kálgarður er sýndur áfastur henni að vestanverðu, 350 fermetrar að stærð skv. kortinu og innan hans er ritað „ór. og kg. [órækt og kálgarður] = 350 m² (var kot)“. Þetta bendir til þess að kálgarðurinn hafi verið gerður á rústum kots (096) en ekki hafa fundist aðrar heimildir um það. Staðurinn hefur að líkindum verið um það bil þar sem nú eru braggi og annað hús sambyggt við Nýjaland 17. Að lokum er á túnakortinu svæði sem kann að hafa verið afgirt, merkt „Krókvallartún“ (098). Engin augljós ummerki sjást nú um hleðslur á þessu svæði sem er að líkindum að hluta undir Skagabraut og vesturhluta íþróttavallar, að mestu leyti austan

skipulagssvæðis. Sennilega er stakur kálgarður sem nú sést norðan Guðlaugsstaða en fast sunnan við Skagabraut (046) einnig merktur á sama túnakort og hefur skv. því tilheyrt Nýlendu, bæ sem stóð norðan Skagabrautar.

Auk þess er vitað um nokkra kálgarða innan svæðisins en nokkrir þeirra eru nú þegar horfnir undir nýbyggingar. Ekki hægt að fullyrða að þeir teljist allir til fornleifa, þ.e. hafi verið reistir fyrir 1917. Áreiðanlega eru þó sumir þeirra gamlir og þótt ekki sé alltaf hægt að greina nákvæman aldur – enda allir hlaðnir úr torfi og/eða grjóti - teljast þeir afar sterkt einkenni á svæðinu sem líklega hefur verið lengi við lýði.

Skagagarðurinn (036), þekkt og fornt mannvirki, liggur inn á deiliskipulagssvæðið úr suðri og út frá honum liggur upphlaðinn vegur sem er fallinn úr notkun. Ekki er ljóst hvenær hann var lagður en af gömlu herforingjaráðskorti má sjá að árið 1910 lá leið á sama stað og stefndi í átt að Útskálum.

Þess ber að lokum að geta að skammt sunnan við svæðið eru rústir inni í hringlaga gerði, Skálareykir (037). Gerðið sjálft og hluti rústanna eru sennilega forn, gætu jafnvel verið eldri en Skagagarðurinn. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við framtíðaruppbyggingu á svæðinu.



Skagagarður sunnan Skagabrautar. Myndirnar eru í eigu Magnúsar Gíslasonar.

"Lokaðist það [akurland 035] af svonefndum Skagagarði, sem hlaðinn var frá túngarði Útskála og þvert fyrir tána yfir í túngarðinn á Kirkjubóli. Sér leifar hans hér og hvar enn," segir í örnefnalýsingu. Í sýslu- og sóknalýsingu frá um 1860 segir ennfremur: "Fyrir ofan Skagann hefur legið garður einn mikill, sem enn er kallaður Skagagarður, frá túngarðinum á Útskálum beint yfir í Túngarðinn á Kirkjubóli." Enn sér fyrir Skagagarði sunnan Skagabrautar en norðan hennar (innan deiliskipulagsreitsins sem lá til grundvallar fornleifaskráningu árið 2007) er hann farinn í tún og þar sjást engin ummerki hans. Samkvæmt stefnu garðsins sunnan vegar hefur hann legið um 25-30 m austan við landamerkjagarð 083:006. Þá má einnig vera að Skagagarðurinn hafi legið frá syðsta hluta túngarðsins á Útskálum að Kirkjubóli og að hann hafi því aldrei legið norðan núverandi vegar.

Þar sem Skagagarður lá norðan Skagabrautar eru nú slétt tún. Sunnan vegar liggur hann að mestu í sinuvöxnum móa.

Í Chorographicu Árna Magnússonar frá 1720 segir: "Garður (sú sveit) hefur nafn af girðingum. Menn meina landið hafi afgirt verið frá Hrafnkelsstöðum og so continue að Þórustöðum." Í sýslu- og sóknalýsingu frá 1839: "... Ein hefir höfuðgirðing verið yfir þveran Skagann, sem Skagagarður kallast; á honum voru að sögn læst hlið." Í annarri lýsingu frá um 1840 segir ennfremur: "Mikill garður hefir í fyrndinni þaðan [frá Flangastöðum] legið, sem enn sést merki til, og hefir náð allt inn að Útskálum. Er það sögn manna, að með þeim garði hefðu allir átt að fara, sem innan að sóttu jólagleði þessa [á Flangastöðum], svo ekki villtust menn, þó niða myrkur væri. Þessi fornaldargarður liggur sunnanvert fyrir Skaganum eða heiðar megin, en Skaginn er sléttlendur og hagbeitarpláss frá Útskálum. Er þessi garður, sem heita má gersamlega niður fallinn, kallaður Skagagarður og hefir líkast til í fyrndinni verið varnargarður fyrir skaganum á hverjum verið hafa yrktir sáðakrar, og má enn sjá merki garðlaga, sem hlaðin hafa verið kringum sáðreitina. En á þessum aðalvarnargarði áttu að hafa verið læst hlið."

Í grein Magnúsar Grímssonar, Fornminjar um Reykjanesskaga frá 1860 segir um Skagagarð: "Rústirnar af garði þessum, sem nú eru að mestu grasi grónar og líta út eins og ávalur hryggur, eru glöggar nema á stöku stöðum, þar sem mælt er, að hlið hafi verið á honum. Garðurinn hefur að mestu verið hlaðinn úr stórgrýti og að líkindum afar hár og þykkur, eftir sem út lítur 3-4 álna á þykkt. Nú geta 2 menn riðið samsíða ofan á rúst hans víðast hvar. Með þessum garði hefur Skaginn með öllum ökrum og hofinu (?) verið alveg afgirtur."

Kristján Eldjárn skrifar í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1977: "En Skagagarðurinn mikil, sem byggðin hefur nafn af og prestarnir lýsa svo fagurlega, hann er enn til, friðlýstur og heill, að öðru leyti en því að á einum stað var rofið skarð í hann 1964 til að komast þar í gegn með veg sem liggur frá Sandgerðu til Út-Garðs. ... Á milli Út-Garðs (Útskálhverfis) og Kirkjubólshverfis er víðáttumikið land, sem ætíð hefur verið lítt eða ekki byggt fyrr á tíð og raunar enn á vorum dögum. Þetta er sendið land og grýtt og virðist ekki kostamikið. Upp undir heiðinni og þá ofarlega eða efst á Skaganum liggur Skagagarðurinn þvert yfir hann í nokkurn veginn beinni línu frá Útskálum, þ.e. Túngarðinum á Útskálum, þótt sú samkoma sjáist ekki nú, og þar til hann hverfur fyrir ofan bæina Kolbeinsstaði og Hafurbjarnarstaði í Kirkjubólshverfi, þar sem hann hefur á sama hátt náð sambandi við túngarð. Þessi beini garður, hinn raunverulegi Skagagarður, hefur verið röskir 1500 m að lengd. Hann er sannarlega þess virði að skoða hann. Hugsum okkur að við komum eftir þjóðveginum frá Sandgerði og stefnum til garðs. Fyrir ofan Kolbeinsstaði klofnar vegurinn í tvennt. Til hægri liggur vegur til Inn-Garðs og síðan áfram til Keflavíkur. Til vinstri liggur áðurnefndur vegur til Út-Garðs og hann förum við. Þá sjáum við fljótlega Skagagarðinn nærri vegi til vinstri handar og ekki líður á löngu þar til við komum þar sem vegurinn sker garðinn. Þar er ráð að staldra við, ef maður hefur hug á að átta sig á Skagagarðinum. Við lítum um öxl og sjáum hvernig hann nær sambandi við túnin í Kirkjubólshverfi, og til hinnar handarinnar sjáum við glöggt hvernig garðurinn stefnir til norðausturs rétt utan við Útskálakirkju. Hér er auðvelt að sjá hvernig garðurinn tengir saman Útskálhverfi og Kirkjubólshverfi og hvernig hann girðir af Skagann, nokkurn veginn á mörkum hans og heiðarinnar. Hér er mjög auðskilið að þetta er aðalvarnargarður Skagans og einnig hvernig hann hefur getað tengst túngörðum til beggja hliða, sem vel hugsanlega hafa náð alla leið til Rafnkelsstaða að austan og Þórustaða að vestan eins og Árni Magnússon segir, eða jafnvel alla leið til Flankastaða eins og prestarnir segja. Í Kirkjubólshverfinu má enn rekja þessa garða að mestu leyti og á loftmynd sjást þeir greinilega og hvernig þeir enda við sjó rétt fyrir sunnan Þórustaði. Í Garðinum sést þetta miður sökum þess hve mjög hefur byggst þar en þó hyg ég að einnig þar mætti sjá búta af túngörðum ofan gömlu túnanna. Ekki fer hjá því að Skagagarðurinn veki undrun fyrir mikilleika sakir. Sú spurning hvarflar jafnvel í hug manns sem snöggvast að hann sé alls ekki mannaverk, heldur náttúrulegur ávalur ás. Slíkt væri dálaglegt. Til þess að vera ekki einn um ánbyrgðina fékk ég þrjá glögga menn til að gera með mér áreið á garðinn haustið 1976. Einn þeirra var dr. Sigurður Þórarinnsson. Hann sagði orðrétt þegar hann sá garðinn: "Það er ekkert í náttúrunnar ríki sem getur búið þetta til." Reyndar urðum við allir vel sammála um að vissulega væri Skagagarðurinn mannaverk. Hann má heita þráðbeinn, og þegar vel er að gáð er fleira sem sýnir að hann er af mannahöndum gerður. Hann hefur verið borið saman úr grjóti og jarðvegshnausum og áreiðanlega verið bæði hár og þykkur en með tímanum flast út og að nokkru sandorpist. Við þetta hefur hann smátt og smátt fengið þennan ávala svip og að lokum orðið firnabreiður í grunninn, víða líklega um 15 m. Skýrar helðslur sjást varla í honum nú, þótt steinar standi upp úr víða, og þegar skarðið var rofið í hann vegna vegarins 1964 tók verkstjóri (Björn Jóhannesson) ekki eftir greinilegri hleðslu svo hann muni. Reyndar er túngarðurinn á Hofi í Garði fróðlegur til samanburðar við Skagagarð. Hann er með ólíkindum mikill og ávalur nokkuð á svipaðan hátt, en til muna minna útflattur [079:013]. Og beint upp frá gerðum, við hornið á íþróttavellinum sem nú er, má sjá vænan búa af mjög fornlegu garðlagi sem að öllu leyti minnir á Skagagarðinn sjálfan. Að sögn prestanna góðu áttu nokkur hlið að hafa verið á Skagagarðinum. Ekki er það nema eðlilegt, en í raun réttir er þetta hermt í sögur til þess að skýra nokkur skörð sem nú eru í garðinn. En sum þeirra eru langtum of víð til að teljast hlið, og kem ég nú ekki auga á nærtæka skýringu á skörðum þessum. Garðurinn kann að hafa verið rofinn af einhverjum ástæðum, en þó mætti fremur virðast við athugun sem skörðin hafi verið frá upphafi og þá ef til vill fyllt upp í þau með einfaldri grjótgirðingu, sem síðan hefur hrunið eða verið fjarlægð. Hefur garðurinn kannski aldrei verið fullgerður í sinni stóru mynd?"

Í bók Jóns Böðvarssonar, Suður með sjó frá 1988 segir: "Nýjar rannsóknir jarðfræðinganna Guðrúnar Larsen og Hauks Jóhannessonar hafa leitt í ljós að Skagagarðurinn á Suðurnesjum er miklu eldri en áður var haldið. Niðurstöðu þessa fengu þau eftir að hafa grafið gegnum garðinn á þremur stöðum sem merktir eru inn á kortið [sýnt á bls. 92]. Að sögn Hauks mælist garðurinn nú 1500 metra langur, og hefur náð meðalmanni í öxl fyrr á öldum. ... Garðurinn er stöllóttur að innanverðu en sléttur að utan, þannig að unnt hefur verið að reka fé út yfir hann án þess það kæmist inn aftur og hefir það líklega komið sér vel vegna akurreina innan garðsins. Ofan á Skagagarði er grjóthleðsla sem telin er jafngömul torfgarðinum. Haukur segir að aldur garðsins megi greina all nákvæmlega út frá öskulögum sem sjást þegar grafið er í gegnum hann. Ljóst er að hann hafi verið reistur skömmu eftir að öskulag, kennt við landnám, féll í upphafi tíundu aldar. Svokallað miðaldalag er myndaðist við gos í sjó út af Reykjanesi árið 1226 lagðist ofan á garðinn, sem þá var að miklu leyti kominn í kaf vegna foks." Í skýrslu Garðars Guðmundssonar og fleiri í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 2002-2003 segir: "Hrun úr garðinum er undir miðaldalaginu frá 1226 og landnámslagið er í torfi garðsins. Magnús Á. Sigurgeirsson telur garðinn hlaðinn á 10.-11. öld."

Viðbót 2017: Garðurinn var rakinn frá Skálareykum norður að Skagabraut v/ deiliskipulagsgerðar. Hann er ekki mjög áberandi en sést þó alla leiðina sem lágur hryggur, 5-8 m breiður og mest 0,3-0,4 m hár, algróinn. Hann fjarar heldur út eftir því sem nær dregur Skagabraut. Rúmum 100 m sunnan Skagabrautar er líkt og rask hafi orðið á garðinum á rúmlega 10 m löngum kafla sem sést helst á því að þar er garðurinn mjög ógreinilegur og gróður með öðru móti en í móanum umhverfis. Þar sem raskinu sleppir liggur greinilegur hryggur líkt og í framhaldi af garðinum en heldur meira í austur en fyrr, í stefnu skammt vestan við Skagabraut 23. Þessi hryggur tilheyrir líklega **ekki** garðinum heldur virðist hann liggja fast vestan við hrygginn þótt hann sé orðinn mjög óljós á þessu bili. Garðinn má rekja þokkalega á loftmynd í stefnu á heimreiðina að Skagabraut 36. Leiða má að því líkum að heimreiðin sé ofan á garðlaginu forna, sem haldi svo áfram til norðurs skammt vestan við bæjarhól á Útskálum og allt niður að sjó. Áður hafði í skráningu verið vikið að því að líklega væri garðurinn horfinn norðan Skagabrautar en á loftmyndum virðist votta fyrir honum í túninu tæpa 100 m NNV af íbúðarhúsinu á Útskálum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Útskálur, 3; SSGK, 161-62, 184; Árni Magnússon, Chorographica, 55; Magnús Grímsson

1940, 245; ÁFÍ 1977, 114; Jón Böðvarsson: Suður með sjó 1988, 91-93; Árbók 2002-

2003, 85.



Tóft A á Skálareykjum 2008. Horft í norður


GK-080:037 Skálareykir tóft+garðlag
býli E:320565 N:402007

Í örnefnalýsingu segir: "Skálareykir eru gamlar bæjarrústir fast við miðjan Skagagarð [036]. Þar sér fyrir túngarði og húsarústum...Skálareykja finnst ekki getið, hvorki 1703 né 1847. Eru til ýmsar tilgátur um býli þetta, m.a. að Ketill gufa hafi byggt skála, annan að Gufuskálum og annan að Útskálum. Svo var byggður nýr bær, þar sem reykirnir sáust frá báðum hinum skálunum, og því nefndur Skálareykir. Önnur segir, að þar sjáist merki og að þar hafi verið draugagangur, er setti bæinn í eyði, en trúlega er, að það hafi verið

vatnsskortur og fjarlægð frá sjó." 1839: "Í mæli er að bær hafi þá staðið á Skaganum nálægt þessum garði [036], sem Skálareykir hafi verið kallaðir; hafa allt til þessa sést þar bæjarrústir og mót til túngarðs. Ekki eru nema munnmæli, að þaðan hafi staðurinn verið fluttur að Útskálum, en hitt er víst, að þar hafi einhverntíma verið jörð byggð, þó hennar sé ekki getið." SSGK, 162; c. 1840: "Nálægt þessum garði [036] er í mæli, að hafi staðið bær, sem Skálareykir hafi heitið, og sjáist þar nú til bæjarrústa og túngarðsgirðingar umhverfis. Hvergi hef ég í jarðabókum séð þá jörð nefnda, enda hef ég fátt fengið í hendur af gömlum skjölum." SSGK, 184; c. 1860:

"Með þessum garði [036] hefur Skaginn með öllum ökrum og hofinu (?) verið alveg afgirtur, og þá hefur að líkindum enginn bær staðið fyrir utan hann nema einn, sem enn sér rústir af og hét á Skálareykjum [Skálareykir hdr.]. Sá bær hefir staðið þétt við garðinn miðjan, Skagamegin, og má vera að þar hafi verið gæzlumaður akranna og garðsins, ef bærinn er svo gamall eins og garðurinn. Á Skálareykjum sér enn fyrir túngörðum og bæjar- og húsarústum í meðallagi stórum." 1902: "Fyrir austan þær (girðingar sbr. 035), þar sem nú er fjárrétt, er sagt að bær hafi verið og heitið Skálareykir. Er sagt að á þeim bæ hafi hvílt sú skylda, að verja akrana og girðingarnar fyrir ágangi af skepnum. Ekki er getið hvers vegna hann er kenndur við reyki. Má vera það bendi til þess, á þessu svæði hafi fyrrum verið jarðhitar, sem seinna hafi kólnað, og með þeim jarðhita hafi akuryrkjan þar staðið og fallið." BJ í Árbók 1903, 36. Rústir býlisins má greina um 200 m sunnan við fiskverkun H. Péturssonar og um 300 m suðvestan við nýlegt íbúahverfi við Spóaland.

Rústir býlisins eru í þýfðu túni. Hluti þess er afgirtur og nýttur til hrossabeitar. Nokkuð af ökuslóðum liggja í kringum og og þvert yfir rústirnar.



1977 segir í Árbók Ferðafélagsins: "Minnast verður á Skálareyki. Rétt er það sem prestarnir herma að garðlag harla fornlegt afmarkar þar vænan blett rétt utan við garðinn og þó reyndar báðum megin við hann, því að garðurinn liggur gegnum girðinguna eins og best sést á loftmynd. Innan í girðingunni mótar fyrir mjög vallgrónum mannaverkum, en tvær grjóthlaðnar og snotrar húsatóftir miklu unglegrí ofan á. Þar sagði fólk í Garði að gullkista væri grafín. Hvort þarna hefur verið bær skal ósagt látið, en þessar minjar

eru friðlýstar með garðinum sem rétt er, því að þær eru eins og samvaxnar honum. Nafnið mun líklega að hálfu dregið af Útskálum, en að hálfu er það óráðin gáta." KE í ÁFÍ 1977, 117.

Rústir býlisins eru báðu megin Skagagarðs sem sést vel á þessu svæði og ná yfir svæði sem er um 200 x 130 m stórt. Bæjarhóllinn hefur líklega verið þar sem tóft A er nú en hún virðist vera fremur ung. Gætu því eldri byggingarstig verið undir tóftinni. Er hóllinn um 15 x 15 m að stærð og 0,5 m hár. Er hann veglegasti hóllinn á svæðinu og grasi vaxinn. Tóft A: Ofan á hólum er tóft, líklega af fjárhúsi. Er hún 10 x 10 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Bæði snúa í NA-SV. Hólf I, hið austara, er 6 x 2,2 m að innanmáli og hefur um 2 m breitt op á syðri skammhlið. Fyrir utan opið er röð fremur stórra steina. Hólf II er 6 x 2,5 m að innanmáli og er op á því fyrir miðri vestari langhlið. Er opið ríflega 1 m breitt. Veggir tóftarinnar eru flestir 2 m breiðir nema sá sem aðskilur hólfín

tvö, hann er aðeins um 1 m að breidd. Allir eru veggirnir 0,6 m háir. Líklega eru þeir grjót- eða torf- og grjóthlaðnir og sér í steina í öllum veggjum. Hleðslur eru grónar grasi. Gerði B: 5 m norðvestan við tóft A er ferhyrnt gerði. Hefur það líklega umlukið kálgarð eða rétt. Er það 16 x 15 m að stærð og snýr í NA-SV. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð þeirra 0,3 m. Á stöku stað sést glitta í grjót í gegnum grassvörðinn. Ekki er eins þýft innan garðlagsins og utan þess. Erfitt er að átta sig á aldri garðlagsins en líklega er það ekki mjög fornt. Gerði C: 20 m sunnan við tóft A er annað gerði. Er það 26 x 7 m að utanmáli og snýr í NA-SV. Skammhliðar gerðisins virðast hafa rofnað í burtu en víða vantar einnig hluta í langhliðar. Breidd veggja er um 0,8 m og hæð þeirra er 0,4 m. Ekkert grjót sést í hleðslunum. Nánast engar þúfur eru innan garðlagsins. Líkt og garðlag B kemur helst til greina að um sé að ræða kálgarð eða einhvers konar aðhald. Aldur garðlagsins er óræður. Tóft D: 3 m suðvestan við tóft A er afar ógreinileg tóft útihúss. Er hún u.þ.b. 11 x 9 m að utanmáli og snýr í VNV-ASA. Virðist hún við fyrstu sýn aðeins vera upphækkun í landslaginu eða framhald af bæjarhólnum en ef vel er að gáð má greina leifar tveggja hólfa. Snúa bæði til NNV-SSA. Sést glitta í grjót á nokkrum stöðum sem líklega er úr veggjum útihússins. Tóft þessi er líklega mun eldri en tóft A. Garðlag E: Túngarður liggur utan um býlið. Afmarkar hann svæði sem er sporöskjulaga, u.þ.b. 200 x 130 m að stærð og snýr í N-S. Garðurinn er mikið siginn og sést sem hryggur í túninu, 3-5 m breiður og um 0,2 m hár. Víðast hvar er fremur greinilegur nema norðaustast þar sem hann hverfur sjónum á um 80 m vegalengd. Aðeins sést í grjót á stöku stað. Tóft F: 95 m suður af tóft A og upp við garðlag E er lágur hóll. Er hann 9 x 4 m að stærð, 0,3 m hár og flatur að ofan. Líklegast verður að teljast að útihús hafi staðið þar en að hleðslur þess séu nú útflattar. Tóft G: Austast við garðlag E, um 45 m suðaustan við tóft A er hóll. Er hann 8 x 7 m að stærð og ríflega 1 m hár. Stingur hann nokkuð í stúf við hið flata umhverfi í kring. Engar greinilegar rústir eru á honum en ójöfnur ofan á honum gætu verið leifar mannvirkis.

2017: Skálareykir eru eingöngu hafðir með hér vegna nálægðar við deiliskipulag.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Útskálar, 3; SSGK, 162, 184; Magnús Grímsson. 1940, 245; Árbók 1902, 36; ÁFÍ 1977, 117.

GK-080:043 hleðsla kálgarður

E:320595 N:402446



Hleðsla 043, horft í NA.

10 m suðaustan við húsið Gimli eru ógreinilegar leifar garðlags. Líklega hefur kálgarður verið þar.

Grýtt tún, strjál íbúabyggð við Skagabraut. Grjóthlaðinn garður sem snýr A-V. Er hann um 8 m langur, 1 m breiður og 0,2 m hár. Þvert á hann í austri kemur 1,5 m breið rás í jörðinni, 20 m löng. Afmarkast hún af tveimur bungum, aðeins um 5 cm háum og er dæld þar á milli sem myndar rásina. Rásin gæti hugsanlega verið sigið garðlag. Ef garðlagið hefur legið í kringum kálgarð eru aðrir hlutar þess horfnir í jörð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Guðlaugsstaðir 045, horft í SV.

Á túnakorti frá 1919 er sýnd bæjarhúsaröð á Guðlaugsstöðum með stafna til austurs og kálgarða og einn kofa framan við. Slóð lá að bænum úr norðri. Bærinn stóð þar sem nú er Skagabraut 41. Strjál íbúabyggð er við Skagabraut sem Guðlaugsstaðir standa við en sunnan við húsið er mólendi. Á Guðlaugsstöðum stendur nú nýlegt íbúðarhús, bílskúr og önnur minni bygging. Bæjarhúsin hafa líklega staðið á þeim stað sem nú er bílskúr. Engin merki bæjarhóls sjást innan garðlaganna sem liggja í kringum húsið. Hugsanlegt er að hann hafi raskast við byggingarframkvæmdir þar sem íbúðarhúsið er fremur stórt.

Stakt útihús er sýnt á túnakorti í suðvesturhorni óræktargirðingar, um 50 m austan við bæjarstaði Guðlaugsstaða 045. Þar sem útihúsið hefur líklega staðið hefur nýleg bygging verið reist og sér því engin merki þess. Garðlögin, flest kálgarðar, sem sjá má á túnakorti frá árinu 1919 standa flest enn. Eru þau hlaðin úr grjóti en víða hylur gras nú hleðslurnar. Breidd garðanna er á bilinu 0,5 - 1 m og hæð þeirra frá 0,3 m upp í 1 m. Ekki er þó hægt að greina einstaka kálgarða í sundur líkt og gert er á túnakortinu. Hæst standa garðlögin í vestri en lægst í suðri þar sem þau afmarka garð við íbúðarhúsið. Garðlögin afmarka svæði utan um Gunnlaugsstaði. Er svæðið 40 x 45 m að stærð og snýr í NA-SV. Vestur af garðinum, út frá SV-horni hans, er annað hólf, 15 x 15 m að stærð. Á túnakortinu eru tún og kálgarðar merktir innan þess en engin merki þeirrar skiptingar eru enn sýnileg. Í SA-horni innan túngarðsins var afmarkað hólf, 10 x 10 m að stærð og sést það greinilega á eldri loftmyndum. Nú hefur hins vegar verið reist bygging á svipuðum slóðum og raskaðist garðlagið við það. Á NA-skammhlið vestan heimreiðar er ruðningur þar sem garðlagið hefur áður legið. Er hóllinn sem ruðningurinn myndar um 2 m breiður og 2 m 1,5 m hár.

Austan við Guðlaugsstaði eru garðlög sem ekki eru sýnd á túnakorti. Gætu þau því verið yngri og virðast þau tengjast þeim sem liggja í kringum bæinn. Eru þau þó frekur ógreinileg, breidd veggja er aðeins tæpur metri

og hæð þeirra um 0,3 m. Er þau hlaðin úr grjóti. Liggur afmarkað hólf til suðausturs frá austari langhlið túngarðsins. Er það 22 x 10 m að stærð. Í framhaldi af því liggur ógreinilegt garðlag út frá báðum langveggjum til suðausturs um 25 m. Þar liggur garðlag þvert á þau sem nær að Skagabraut.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919

GK080:046 garðlag kálgarður

E:320685 N:402448

20 m norðan við Gunnlaugsstaði (045) er kálgarður, skammt sunnan við Skagabraut. Grasflöt er í kringum kálgarðinn og strjál íbúabyggð við Skagabraut. Kálgarðurinn er 22 x 15 m að stærð og umhverfis hann liggur



garðlag. Snýr hann í NV-SA. Breidd garðlagsins er á bilinu 1-2 m. Breiðast er það að norðanverðu. Þar sést greinilega í grjóthleðslur en á öðrum hliðum hefur gras gróið yfir þær. Hæð garðlagsins er 0,4 m. Þrjár gryfjur eru í kálgarðinum. Ein er í vesturhorni hans og er 2 x 3 m að stærð og 1 m djúp. Önnur er í kálgarðinum miðjum, 2 x 2 m í þvermál og 0,5 m djúp. Sú þriðja er í miðju norðanverðu

Kálgarður 046, horft í NA.

garðlaginu. Er það 2 x 3 m að stærð og 0,8 m djúpt. Virðist

vera sem nokkuð af grjóti hafi verið fjarlægð úr garðlaginu þar. Út frá NA-horni liggur garðlagið áfram um 12 m til norðausturs þar til það hverfur nálægt Skagabraut. Hugsanlegt er að kálgarður þessi hafi verið seinni tíma viðbót við kálgarða sem sýndir eru á túnakorti frá 1919 á Guðlaugsstöðum. Af lögun og legu að dæma virðist líka koma til greina að þetta sé garður sem sést á túnakorti en tilheyrði Nýlendu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919



Húsgrunnur 047, horft í NA.

12 x 5 m að stærð, sem afmarkast af garðlagi til allra átta nema suðurs. Þar stendur lágur hóll. Einnig er líklegt að kálgarður hafi verið sunnan við grunninn innan garðlagsins. Á skilti sem sett hefur verið upp við húsgrunninn stendur að það hafi heitið Akurgerði. Akurgerðis er getið í fasteignabók 1956-57 og er þá enn búið í húsínu og hugsanlega hefur verið búið þar mun lengur.

Heimild: Fasteignabók 1956-57, bls. 398

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Milli Gimli og Guðlaugsstaða (045) eru garðlag og steinsteyptur grunnur.

Tún og strjál íbúabyggð við Skagabraut. Garðlag og steinsteyptur húsgrunnur eru í túninu milli Gimli og Guðlaugsstaða 045. Er grunnurinn 7 x 7 m að stærð. Myndar garðlagið að hluta garð utan um grunninn. Það hefst um 30 m norðan við grunninn og liggur frá norðaustri til suðvesturs um 50 m leið, beygir þá til suðausturs um 13 m og aftur til norðausturs, 17 m leið. Vestan við hann kálgarður,



Kálgarður 081. horft í SV.

Tæplega 100 m suðaustur af Spóalandi 7 er kálgarður. Kálgarðurinn er í nokkuð grýttu mólendi. Nýleg íbúabyggð er rétt hjá. Kálgarðurinn er 12 x 16 m að stærð og snýr í NV-SA. Er hann umkringdur garðlagi. Er það 1,5 m breitt, 0,4 m hátt og hlaðið úr grjóti. Nú er garðlagið gróið mosa og grasi en víða sést í grjóthleðslurnar. 11 m breitt op er á garðlaginu fyrir vestari skammhlið miðri. Innan kálgarðsins vex núna gras og suðvestast í honum er 3 x 4 m stór dæld. Er hún um 1 m djúp. Þar gæti hafa verið brunnr eða vatnsstæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Leifar af kálgarði 082. horft í NNA.

hluta garðlagsins. Er sá hluti afar gróinn, 0,7 m breiður og aðeins um 0,4 m hár. Þar sést ekki í neitt grjót. Hugsanlegt er að þessum hluta hafi verið raskað. Aðrir hlutar garðlagsins eru horfnir.

Milli Spóalands 1 og Lóulands 16 eru leifar garðlags. Íbúahverfið sem húsin tvö standa í eru nýlegt og sunnan við það er mólendi. Garðlagið hefur líklega legið utan um kálgarð en hefur mikið skemmst við byggingaframkvæmdir. Á loftmyndum sem teknar voru fyrir byggingu húsa við Spóaland (1974 t.d.) er garðlagið afar greinilegt og hefur það verið um 20 x 30 m að stærð og snúið í NNV-SSA. Enn má greina örlitlar leifar þess. Til suðvesturs frá Spóalandi 1 stendur garðlagið nú á um 4 m kafla. Er það um 1 m breidd og 0,8 m hátt og sést í grjót í hleðslunum. Milli

húsanna tveggja má einnig greina

Heimild : Loftmynd 1974

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

60 m suðaustan við Spóaland 6 eru þrjú gerði. Afmarkar hvert þeirra ákveðið svæði, líklega kálgarða.

Kálgarðarnir eru á grasbletti milli byggðar í Spóalandi og Skagabrautar. Gerðin þrjú eru öll nokkurn vegin ferhyrnd að lögun. Gerði A er 12 x 11 m að stærð og snýr í NA-SV. Gerði B er um 10 m vestan við A. Það er minnst þeirra allra, 6 x 3 m að stærð og snýr í A-V. Hið þriðja, C, er 50 m NV við B. Það er 16 x 11 m að stærð og sýr í NV-SA. Öll gerðin eru fremur jarðsigin. Gerðin eru svipuð að gerð, 0,5 m breið og 0,2 m há. Eru þau grasi gróin en aðeins sést í grjóti í veggjum C. Erfitt er að skera úr um aldur garðanna.

2017 fundust ekki leifar af gerði A, hugsanlega vegna mikils grasvaxtar, en gerði B og C voru mæld upp. Ósennilegt þykir að B séu leifar af kálgarði, líklega að þar hafi staðið smá húskofi einhverntíma síðla á 20. öld og ummerkin séu e.k. far eftir það fremur en eiginlegar hleðslur. C eru mjög sennilega leifar af kálgarði en mjög sokkið og óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Herkampur 084. horft í SV.

ummerki um fleiri steypuleifar.

Hættumat: engin hættu

Nyrst og vestast á deiliskipulagssvæðinu, rétt sunnan við Hellesen smiðju er tóft, greinilega grunnur undan bragga frá stríðsárunum. Á honum er skilti þar sem stendur: herkampur. Tún eru allt í kring og liggur malarvegur framhjá smiðjunni í átt að Sandgerði. Grunnurinn er 25 x 10 m að stærð og snýr í ANA-VSV. Utan um hann liggur garðlag. Veggir þess eru 1,2 - 2 m að breidd og 0,4 m háir. Eru þeir gróin grasi en greinilega sést í grjóti í hleðslunum. Skammhliðar garðlagsins eru fremur rofnar. Gras og mosi vex nú innan garðlagsins. Steinsteyptir bitar liggja víða innan garðlagsins og þar sjást einnig

GK-080:085 gerði kálgarður

E:320765 N:402310

100 m austan og suðaustan við Gunnlaugsstaði (045) er kálgarður. Hann er vestan við malarveginn sem liggur að fiskvinnslu H. Péturssonar. Mólendi er rétt sunnan við kálgarðinn en í kring er túnblettur. Minjarnar eru nálægt 30 x 20 m að stærð og snúa í NA-SV en gerðið virðist opið í suðvestur. Garðlag umlykur kálgarðinn og eru veggir þess 1,5-2 m að breidd og 0,3-0,4 m háir. Víða sést glitta í grjót í veggjum en þeir eru nú huldir grasi. Kálgarðurinn er ekki mjög greinilegur en á loftmynd frá 1974 sést að hann er þá í notkun.



Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Kálgarður 085 í forgrunni, horft í austur.

GK-080:086 gerði kálgarður

E:320488 N:402500



Kálqarður 086, horft í NA.

Við Skagabraut um 75 m vestan við Gimli er kálgarður. Slegin tún eru allt í kring. Strjál íbúabyggð er beggja vegna Skagabrautar. Kálgarðurinn er um 80 x 18 m að stærð og liggur garðlag utan um hann. Breidd veggja er 0,6 m og hæð þeirra 0,3-0,4 m. Kálgarðurinn snýr í NA-SV. Veggur liggur þvert á miðjan kálgarðinn skiptir honum í tvennt. Er hann um 2 m breiður og 1 m

hár. Garðlagið er gróið grasi og lítur ekki út fyrir að vera mjög fornt. Syðri garðurinn er mun greinilegri og lítur út fyrir að hinum gæti hafa verið bætt við síðar – hann virðist opinn til suðurs en þar liggur girðing þvert á hann.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-080:087 mannvirki

E:320442 N:402475



Fast norðan við Hellesensmiðju, nyrst og vestast á deiliskipulagssvæðinu, vottar fyrir húsgrunni og er tóft sambyggð honum að norðanverðu. Ekki er vitað hvaða hús stóðu á þessum stað en af stærð og áttahorfi að dæma gætu þau tengst leifum af herkampi 084 sem er sunnan við smiðjuna. Alls er grunnurinn, sem markast helst af steinsteyptri plötu í botni og köntum meðfram henni, um 25 m langur og að jafnaði 5-6 m breiður en breiðar þó til austurs. Tóftin er vestan við miðbik norðurhliðar, áföst grunninum, og um 7 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Hún er á kafi í grasi þegar þetta er ritað en ekki örlar á steypu, gæti verið hlaðin úr

Mannvirki 087, horft í austur.

torfi og/eða grjóti. Hús virðast uppistandandi, a.m.k. að hluta, á loftmynd frá 1974.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Loftmynd 1974

GK-080:088 mannvirki leið

E:320432 N:402501

Fast norðvestan við húsgrunn 087 er aflöng þúst á kafi í grasi. Hún liggur frá norðri til suðurs og er um 50 m löng og 4-5 m breið en breiðar í syðri enda og þar sjást í henni tvær samhliða dældir. Þústin er



Veaur 088, horft í norður.

um 0,3-0,4 m há. Líklega eru þetta leifar af vegi sem hefur legið að húsum norðan og sunnan við Hellesensmiðju (sjá t.d. 087 og 084). Á loftmynd frá 1974 sést að vegur liggur á þessum stað em þú reyndar ekki nákvæmlega þar sem þústin er nú heldur fast vestan við hana.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-080:089 mannvirki

E:320478 N:402466

Óljósar hleðslur sjást fast austan við húsgrunn 087 og beint sunnan við kálgarð 086. Svæðið er nú afgirt og nýtt undir hrossabeit. Það er vel snoðað þegar þetta er ritað en ekki er víst að hleðslurnar sæust ef svæðið væri ekki bitið. Hleðslurnar eru mjög lágar (0,1-0,2 m), litlar um sig og grónar, ekki sést í grjót í þeim. Þær mynda hólf sem er um 9 x 7 m stórt frá austri til vesturs em auk þess ganga hleðslur út frá hóflinu bæði til austurs og vesturs, í átt að norðausturhorni húsgrunns 087. Má vel vera að hleðslurnar tengist honum og er áttahorfið hið sama. Hugsanlega eru þetta leifar af kálgörðum – greinilega vottar fyrir mannvirkjunum á loftmynd 1974.



Hleðslur 089, horft í vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Loftmynd 1974

GK-080:090 gerði kálgarður

E:320648 N:402401

Kálgarður er fast vestan við Guðlaugsstaði 045. Þar er mólendi en grasi vaxið þar sem kálgarðurinn er. Garðurinn er alls rúmlega 20 x 20 m stór, hleðslur miklar um sig og allt að um 1 m á hæð en algrónar. Garðurinn gengur út frá Guðlaugsstaðalóðinni til vestnorðvesturs og er hlaðinn á þrjár hliðar en opin til suðausturs, í átt að húsinu.

Á loftmyndum má sjá að lág hleðsla virðist afmarka hann að suðaustanverðu og liggja áfram frá honum til norðausturs, að suðausturhorni kálgarðs 046. Á túnakorti 1919 er sýndur kálgarður á svipuðum stað og gæti verið þessi garður þótt lögun virðist aðeins öðruvísi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919

GK-080:091 hleðsla kálgarður?

E:320734 N:402346



Hleðslur sjást austan við Guðlaugsstaði 045, milli bæjarins og kálgarðs 086. Þarna er fremur rýrt mólendi en þó grasi vaxið á köflum. Alls er um að ræða þrjár hleðslur sem gætu hafa tengst þótt nú sé það óljóst. Sú í miðið er greinilegust, snýr NA-SV og er um 20 m löng, ógróin að mestu. Um 20 m vestan við hana eru hleðsluleifar h.u.b. í beina stefnu á Guðlaugsstaði og er það ógróin grjóthrúga og lítið lagá henni, gæti hafa verið rutt til. Í þriðja lagi gengur hleðsla í 90° vinkel út frá fyrstnefndu hleðslunni til suðausturs. Alls ná hleðslurnar yfir svæði sem er um 60 x 20 m stórt NV-AS.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Hleðsla 091, horft í vestur.

GK-080:092 gerði kálgarður

E:320794 N:402373

Kálgarður er fast sunnan við Skagabraut og um 60-70 m austur af Guðlaugsstöðum 045. Kálgarðurinn er rúmlega 20 x 20 m að stærð. Veggir garðlagsins sem utan um hann liggur eru 1-1,5 m að breidd og 0,5 m háir. Grjót er í veggjum en nú þekur gróður þá. Gras vex innan hans og utan.



Kálgarður 092, horft í NA.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


GK-080:093 gerði kálgarður

E:320862 N:402113

Á loftmynd frá 1974 sést greinilegt gerði, áreiðanlega kálgarður, milli Skagagarðs 036 og vegar 094. Gerðið er nú horfið, hefur lent undir húsi sem stendur við Kjóaland 9-11.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Loftmynd 1974



og stefnir í NA. **Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Heimildir: Loftmynd 1974,
herforingjaráðskort 1910.

GK-080:095 gerði kálgarður
E:320858 N:402035

Kálgarður er um 10 m austan við kálgarð 081. Þýfður mói. Garðurinn lætur mjög lítið yfir sér á vettvangi en sést ágætlega á loftmynd. Hann er rúmlega 25 x 10 m stór frá NV-As, hleðslur láta mjög lítið yfir sér og eru vart nema 0,2 m háar mest.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Á túnakorti frá 1919 er sýnd afgirt útgræðsla (097) frá Útskálum sunnan við tún, rúma 300 m SSV af Útskálakirkju. Áfastur henni að vestan er sýndur kálgarður og inni honum stendur ritað „áður kot“ sem bendir til þess að garðurinn hafi verið gerður í rústum eldri byggðar. Staðurinn hefur líklega verið þar sem nú stendur braggi með viðbyggingu við Nýjaland 17 eða þar í námunda. Engar minjar sjást á yfirborði nema óverulegar leifar af kálgorðum 083. Ekki er vitað um aðrar heimildir um býli á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919

GK-080:097 heimild tún

E:321029 N:402170

Á túnakorti frá 1919 er sýnd afgirt útgræðsla frá Útskálum sunnan við tún, rúma 300 m SSV af Útskálakirkju. Þetta hefur verið þar sem nú stendur braggi með viðbyggingu við Nýjaland 17 og þar austur af. Svæðið er nú að miklu leyti komið undir byggð og engin ummerki sjást um garðahleðslur eða önnur mannvirki. Alls hefur útgræðslan verið um allt að 80 m stór á kant.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919


GK-080:098 heimild tún

E:321174 N:402036

Á túnakorti frá 1919 er merkt „Krókvallartún“ sunnan eiginlegra túna, afgirt að hluta, um 200 m SA af koti 096. Svæðið hefur verið sunnan Skagavegar og að líkindum hefur aðeins lítill hluti þess verið innan deiliskipulagssvæðis en það verið að mestu undir vesturhluta núverandi íþróttavallar. Engin ummerki sjást um garðahleðslur eða önnur mannvirki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Túnakort 1919



Kort sem sýnir staðsetningu kots 096, Útskálautgræðslu 097 og Krókvallartúns 098 með hliðsjón af túnakorti frá 1919 sem hnitað hefur verið inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

5. Helstu niðurstöður

Alls voru skráðir 25 minjastaðir innan deiliskipulagsreits. Þar af eru sjö þegar horfnir, einkum kálgarðar og fleiri mannvirki austast á svæðinu sem hafa horfið undir byggð. Skipulagið tekur tillit til ýmissa minja sem vitað var um vegna fyrri fornleifaskráningar, t.d. kálgarða, og er af þeim sökum ekki fyrirsjáanlegt að framkvæmdir ógni mörgum minjastöðum. Nokkrar minjar lenda undir fyrirhuguðum hússtæðum eða öðrum mannvirkjum: kálgarður 095, hluti af vegi 094, kálgarður 083 b (sem er mjög óveruleg hleðsla). Aðrar minjar virðast ekki augljóslega verða fyrir beinum áhrifum vegna deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsreiturinn er skammt sunnan Útskálatúnsins gamla. Engar heimildir eru um að byggt hafi verið að ráði á því svæði fyrr en komið var fram á 20. öld en fyrir þann tíma hafa greinilega verið gerðar tilraunir með aukna túnrækt á svæðinu frá bæjunum norðar og sömuleiðis hafa verið þar kálgarðar. Ein vísbending er um kotbýli á staðnum (096), sem kann þá að vera elsta þekktu byggð innan reitsins, en engin greinileg ummerki sjást á yfirborði og sennilegt að minjar séu horfnar undir hús.

Flestar sýnilegar minjar á svæðinu eru annars vegar leifar af óskilgreindum hleðslum sem líklega hafa verið merki milli bæja eða eignarhluta þeirra og hins vegar leifar kálgörðum og ljóst af loftmynd frá 1974 að þeir hafa áður verið fleiri. Minjarnar eru missýnilegar, sumar stæðilegar en aðrar mjög jarðlægar. Vestast á svæðinu eru minjar sem líklega tengjast veru hersins og yngra umróti (sjá 084, 087, 088).

Tvö aflöng mannvirki stefna inn á svæðið úr suðvestri, annars vegar hinn forni Skagagarður (036) og hins vegar upphlaðinn vegur (094) sem væntanlega hefur verið í notkun langt frameftir 20. öld og telst sennilega ekki til fornleifa en er skráður hér þar sem hann liggur á sama stað og eldri leið sem sýnd er á herföngingjaráðskorti frá 1910. Vegurinn er að hluta horfinn undir byggð en er merkileg vísbending um eldra leiðakerfi og hlutverk Útskála sem miðstöðvar innan byggðarinnar.

Minjarnar eru hér allar taldar í stórhættu vegna framkvæmda. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að

framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.



Heimildaskrá

ÁFÍ 1977: Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður – fornmannaverk“. *Árbók Ferðafélags Íslands* bls. 107-119. Ferðafélag Íslands.

Árbók 1902: Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 31-52.

Árbók 2002-2003: Garðar Guðmundsson o.fl. „Fornir akrar á Íslandi. Meintar minjar um kornrækt á fyrri öldum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 79-106.

Árni Magnússon. 1953. „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju: annar flokkur*. Bókmenntafélagið, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2008. Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna). FS404-08011. Fornleifastofnun Íslands.

Fasteignabók 1956-57: *Fasteignabók I*. Mat fasteigna í sýslum samkvæmt lögum nr. 33 frá 1955. Reykjavík 1956-57.

Herfingjaráðskort 1910: Generalstabens topografiske kort. Nr. 17, Suðurnes N.A. Mælt 1908, útg. 1910. Kjöbenhavn.

Jón Böðvarsson. 1988. *Suður með sjó: leiðsögn um Suðurnes*. Rótaríklúbbur Keflavíkur, Keflavík.

Loftmynd 1974: LMI-Kort-D16-D-5481. Landmælingar Íslands.

Magnús Grímsson. 1940. „Fornminjar á Reykjanesskaga.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess* II, 243-62. Reykjavík.


SSGK: Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess* III. Reykjavík. 1937-39.

Túnakort 1919: Túnakort fyrir Rosmhvalaneshrepp frá því um 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.


Umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag í Garði, dags. 5. september 2017.
MÍ201708-0023/6.09/ÞH

Ö-Útskálar: Örnefnaskrá fyrir Útskála. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.







Kort 1: Yfirlitskort af deiliskipulagssvæði (rauð lína) og fornleifum. Fornleifar eru merktar með grænum punkti, uppmælingar eru fjólubláar en rauðar línur tákna minjar sem eru teiknaðar inn af loftmynd frá 1974. Merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.




Kort 2: Vesturhluti deiliskipulagssvæðis (rauð lína). Fornleifar eru merktar með grænum punkti, uppmælingar eru fjólubláar en rauðar línur tákna minjar sem eru teiknaðar inn af loftmynd frá 1974. Merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Kort 3: Eins og kort 2 en án merkinga. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Kort 4: Austurhluti deiliskipulagssvæðis (rauð lína). Fornleifar eru merktar með grænum punkti, uppmælingar eru fjólubláar en rauðar línur tákna minjar sem eru teiknaðar inn af loftmynd frá 1974. Merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Kort 5: Eins og kort 4 en án merkinga. Loftmynd: Loftmyndir ehf.